

Birkir Friðbertsson  
Birkihlíð  
430 Suðureyri

**2000110010**  
4200; 9310

Reykjavík, 8. desember 2000  
/--

### **Efni: Virkjun í Botnsdal, Ísafjarðarbæ. Ákvörðun um matsskyldu**

Vísað er til erindis Birkis Friðbertssonar og fleiri dags. 25. október 2000, mótttekið 3. nóvember 2000 þar sem samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er óskað eftir ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu allt að 400 kW virkjunar í Botnsdal, Ísafjarðarbæ. Ennfremur vísast til afrits af erindi framkvæmdaraðila til Ísafjarðarbæjar dags. 2. ágúst 2000.

Skipulagsstofnun leitaði álits Ísafjarðarbæjar, Náttúruverndar ríkisins, Vegagerðarinnar, veiðimálastjóra og Þjóðminjasafns Íslands og barst álit frá Ísafjarðarbæ með bréfi dags. 17. nóvember 2000, Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 5. desember 2000, Vegagerðinni með bréfi dags. 14. nóvember 2000, veiðimálastjóra með bréfi dags. 20. nóvember 2000 og Þjóðminjasafni Íslands með bréfi dags. 29. nóvember 2000. Frekari upplýsingar og svör við álitum bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 6. desember 2000.

### **Fyrirhugað framkvæmd samkvæmt framlögðum gögnum framkvæmdaraðila**

Fram kemur að fyrirhugað sé að virkja Botnsá og læki sem renna í hana og að áætluð stærð virkjunarinnar verði 230 kW við lágmarksrennsli en um 400 kW þegar rennsli sé meira. Fyrirhugað er að byggja inntaksþró undir vegræsi sem kemur undan vegskála við enda jarðgangna milli Súgandafjarðar og Skutulsfjarðar. Þróin sé lítil og nær falin inn í vegstæðið. Efst verði rör eða þrýstivatnspípa frá inntaksþró grafin niður í efni sem rann fram við gerð vegarins, þaðan taki við framræst óræktað land en stærsti hluti vatnspípunnar fari um gróin tún og neðsti hluti pípunnar fari að mestu um óraskað land að stöðvarhúsi. Alls verði þrýstivatnspípan 1977 m löng (svör framkvæmdaraðila dags. 6. desember 2000). Engar náttúruminjar eða gróðursérkenni sé að finna á svæðinu. Stöðvarhús muni standa lágt og verði lítt áberandi.

Fram kemur að rúmlega þriðjungur þess vatnsmagns sem nýtanlegur er sem fastur aflgjafi allt árið komi úr jarðgöngunum og ekki sé vitað af hvaða vatnasvæði það kemur. Fyrirhugað er að

veita vetrarrennsli neðsta lækjar úr Leitishvilft um 40-50 m langan opinn skurð ofan hvilftarbrúnar í Neðri-Leitislæk og um 40 m láréttan aðveituskurð í vesturhlíð vestan vegskála. Fram kemur að einnig megi taka tvo smálæki upp á hvilftarbrúnum með minni háttar skurðrispum. Fyrirhugað sé að tengja Þverá inn á leiðsluna og verði efsti hluti vatnspípu þ.e. 30 - 40 m og 30 sm í þvermál, ofanjarðar og festur í klettabelti. Lækur úr Seljahvilft verði lagður í niðurgrafna pípu og lækur úr Svarthamrahvilft sem komi niður um miðjan vegskála verði veitt í niðurgröfnu röri í inntaksþró. Neðri hluti frárennslisskurðar frá stöðvarhúsi eða um 30 m, verði opinn.

Greint er frá því að Botnsá hafi verið notuð til að flytja jarðveg vegna vegaframkvæmda sem hafi þýtt endalok laxveiði í ánni. Fram kemur að á svæðinu sé stunduð hafbeitt og að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki talin í andstöðu við ræktunarmöguleika á laxi á vatnasvæðinu. Framkvæmdaraðili telur að framkvæmdin sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

### **Álit umsagnaraðila og svör framkvæmdaraðila**

Ísafjarðarbær telur að ekki séu efnisleg rök fyrir því að framkvæmdin skuli háð mat á umhverfisáhrifum.

Í umsögn veiðimálastjóra kemur fram að miðað við umfang framkvæmdarinnar, stöðu veiðimála á svæðinu og eignarhald á umræddu landi megi leysa málið í samræmi við 43. grein laga nr. 76/1970 um lax- og silungsvæði með síðari breytingum. Framkvæmdaraðili mundi í því tilfelli leita eftir heimild embættis veiðimálastjóra vegna framkvæmdanna, sem taki afstöðu til þeirra eftir nánari skoðun á hugsanlegum áhrifum þeirra á vatnsbúskap, lífríki og veiðiskap í Botnsá í Súgandafirði en til hennar renni viðkomandi lækir. Botnsá sé fremur stutt og brött og veiði í henni takmörkuð. Á svæðinu hafi verið unnið brautryðjendastarf í hafbeitt sem nú hafi lagst af. Miðað við þessar forsendur telur veiðimálastjóri ekki nauðsynlegt að framkvæmdin sé háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Náttúruverndar ríkisins kemur fram að fyrirhugað framkvæmdasvæði sé á náttúruminjaskrá (svæði nr. 315, *Botn í Súgandafirði*) og því skilgreint sem náttúruverndarsvæði samkvæmt lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd. Náttúruvernd ríkisins telur að hægt sé að fallast á nýtingu vatns úr veggöngunum og þann hluta framkvæmdarinnar sem liggur frá göngum niður fyrir rafstöðvarhús að því tilskildu að jarðraski verði haldið í lágmarki og vandað verði til frágangs að framkvæmdum loknum. Reynt verði eftir fremsta megni að halda sjónrænum áhrifum í lágmarki. Að mati stofnunarinnar liggi ekki fyrir nógu ítarleg gögn um fyrirhugaðar veitur, staðsetningu mannvirkja og það land sem raskað verður til að hægt sé að meta hvort framkvæmdir geti haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Ekki liggi fyrir fullnægjandi upplýsingar um hugsanleg umhverfisáhrif vegna breytinga á vatnsrennsli og áhrif á ræktunarmöguleika á laxi. Náttúruvernd ríkisins telur þó ljóst að framkvæmdirnar geti valdið töluverðu raski og mannvirki orðið áberandi í landi, m.a. vegna opinna skurða og pípu sem fest verður í klettabelti til að veita rennsli Þverár til aðallagnarinnar. Með hliðsjón af ofansögðu og því að um sé að ræða svæði sem er á náttúruminjaskrá telur Náttúruvernd ríkisins að eðlilegast sé að leggja fram ítarlegri gögn í málinu í mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000.

Vegagerðin og Þjóðminjasafn Íslands gera ekki athugasemdir við framkvæmdina.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að neðsti lækur úr Leitishvilft sé mjög lítil og skurðrispurnar sé hægt að gera snyrtilegar þ.a. þær sjáist ekki frá alfaraleiðum. Vetrarrennsli Neðri-Leitislækjar verði sett í niðurgrafið rör og því hætt við að leggja opinn skurð. Þar sem plaströrið verði niðurgrafið sé nær alfarið um raskað land að ræða. Hætt er við að nýta smálæki úr Seljahvilft en lækir úr Svarthamrahvilft séu nú þegar komnir í einn farveg eftir framkvæmdir Vegagerðarinnar. Vatn úr Þverá verði ekki tekið í fyrsta áfanga framkvæmdarinnar og því gefist kostur á að útfæra þær framkvæmdir síðar en við þá framkvæmd verði notað 200 mm rör. Fram kemur að sá gróður sem eigi þátt í því að Botnsdalur sé á náttúruminjaskrá sé fyrst og fremst í norðurhlíð dalsins. Surtarbrandur sé í vesturhlíð dalsins beint upp af íbúðarhúsum og langt utan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis.

### **Niðurstaða Skipulagsstofnunar**

Um er að ræða allt að 400 kW virkjun í Botnsdal, Ísafjarðarbæ sem samkvæmt 6. gr. og lið 3. a. í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.

Umsagnir Ísafjarðarbæjar, Vegagerðarinnar, veiðimálastjóra og Þjóðminjasafns Íslands eru þess efnis að fyrirhuguð framkvæmd komi ekki til með að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Náttúruvernd ríkisins telur að hægt sé að fallast á nýtingu vatns úr veggöngunum og þann hluta framkvæmdarinnar sem liggja frá göngum og niður fyrir rafstöðvarhús með skilyrðum um frágang. Hins vegar liggja ekki fyrir nógu ítarleg gögn um fyrirhugaðar veitur úr Leitishvilft, Svarthamrahvilft, Seljahvilft og Þverá, staðsetningu mannvirkja og það land sem raskað verði til að hægt sé að meta hvort þær framkvæmdir geti haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif á svæði sem er á náttúruminjaskrá. Fram hefur komið að framkvæmdaraðili muni leitast við að draga úr raski vegna framkvæmdanna m.þ.a. grafa niður plaströr í stað opinna skurða vegna veitu á vetrarrennsli úr Leitishvilft og fallið hefur verið frá því að nýta smálæki úr Seljahvilft. Fyrirhuguð veita úr Þverá verður útfærð nánar síðar. Skipulagsstofnun telur að málið sé upplýst og að ekki sé ástæða til að leggja fram ítarlegri gögn í málinu.

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu. Á grundvelli gagna framkvæmdaraðila og að fengnu áliti Ísafjarðarbæjar, Náttúruverndar ríkisins, Vegagerðarinnar, veiðimálastjóra og Þjóðminjasafns Íslands telur Skipulagsstofnun að fyrirhuguð virkjun í Botnsdal, Ísafjarðarbæ skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 8. janúar 2001.

Stefán Thors

Hólmfríður Sigurðardóttir

Fylgiskjöl: Álit Ísafjarðarbæjar dags. 17. nóvember 2000, Náttúruverndar ríkisins dags. 5. desember 2000,

Vegagerðarinnar, dags. 14. nóvember 2000, veiðimálastjóra dags. 20. nóvember 2000 og Þjóðminjasafns Íslands dags. 29. nóvember 2000.

Afrit. Umhverfissráðuneytið, Ísafjarðarbær, Náttúruvernd ríkisins, Vegagerðin, veiðimálastjóri og Þjóðminjasafn Íslands.